

Mál 1130

Stuðningsaðgerðir vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Fyrir hönd Hérastubbs ehf er bakarí í Grindavík

Hérastubbur ehf er í eigu sömu aðila frá stofnum 1995

Hérastubbur hefur gert 4 tilraunir til að hafa opið nú síðast þegar rýming kom í mai mánuði sl

Og nú viku seinna er ennþá ekki komið rafmagn og mikið af lager ónýtt aftur .

Lokanir bæjarins hafa valdið því að margir viðskiptavinir og fyrirtæki hafa fært sín viðskipti annað þó við höfum haft opið,þá eru ekki neindir viðskiptavinir í bænum.

Eiginfjár félagsins er bundið í húsnæði bakarísins og óskum við að húsnæði félagsins verði keypt upp eins og hjá íbúum bæjarins.

Svo við getum fært rekstur okkar annað og hafið starfsemi á ný.

Við teljum að uppkaup á fasteign vera það úrræði sem best muni gagnast fyrirtæki i okkar stöðu

Fasteignanúmer eignar er F 209-1687 stærð225,7 m2

Í november 2023 voru 13 starfsmenn starfandi hjá okkur nu erum við 4 eftir og endum með 1 starfsmann jafnvel engann ef ekkert breytist

Við höfum þó reynt að hafa opið

Félagið skuldar ekkert en eigið fé er að hverfa. Veltan er sama sem engin miðað við sömu mánuði á síðasta ári.

Við erum að biðja um hjálp eftir 29 ára rekstur í Grindavík.

Hvað myndu þið gera sjálf í okkar sporum ég bara spyr ?????

Með vinsemd

Sigurður Enoksson

Enok B Guðmundsson